



136. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 28. september, 2005, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fulltrúar skíðadeildar Umf. Tindastóls mæta á fundinn.
2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna niðurgreiðslu skulda.
3. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna fyrirhugaðra nýframkvæmda.
4. Rekstur tæknideildar:
 - a. Starfsmannamál.
 - b. Snjómokstur.
 - c. Sorpurðun – erindi frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar.
5. Styrkbeiðnir:
 - a. Skákfélagið Hrókurinn.
 - b. Tækjakaup í íþróttamiðstöð.
 - c. Tækjakaup hjá dagmóður.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar skíðadeildar Umf. Tindastóls mæta á fundinn.
Heimsókn frestað.
2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna niðurgreiðslu skulda.
Lagt er til að haldið verði áfram með uppgreiðslu eldri lána sveitarfélagsins. Óskað er eftir heimild til að greiða niður 70 milljónir kr. Lagt er til að þær nýframkvæmdir sem eru í burðarliðnum verði fjármagnaðar með nýjum og hagstæðari lánnum sem sveitarfélaginu bjóðast í dag á lánamarkaði.

Bæjarráð heimilar bæjarstjóra að greiða niður skuldir sem nemur kr. 70 milljónir.

3. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna fyrirhugaðra nýframkvæmda.
 - a. Hafissetur. *Farið er fram á 6 milljón kr. fjárveitingu til uppbyggingar og reksturs hafisseturs á Blönduósi, sbr. samþykkt bæjarstjórnar 20. september sl.*

Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn er á móti.

b. Bygging sundlaugar. *Lagt er til að gengið verði til samninga við Þráin Þorvaldsson vegna undirbúningsvinnu um byggingu sundlaugar. Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að ganga frá samningi.*

4. Rekstur tæknideildar:
 - a. Starfsmannamál.
Bæjarstjóra falið að auglýsa stöðu umsjónarmanns tæknideildar.
 - b. Snjómokstur.
Bæjarstjóra falið að leita samninga við verktaka á Blönduósi sem hafa sinnt snjómokstri. Samningurinn verði gerður til reynslu í eitt ár.



- c. **Sorpurðun – erindi frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar.**
Sorphreinsun VH býður að taka að sér framkvæmdir og umsjón með sorpurðunarstað sveitarfélagsins fyrir fast verð.

Bæjarráð telur ekki tímabært að breyta verkáttum við sorpurðunarstað að svo stöddu þar sem verið er að vinna að sameiginlegri lausn sorpurðunarmála á Norðurlandi vestra.

5. Styrkbeiðnir:

- a. **Skákfélagið Hrókurinn.**
Sótt er um framlag Blönduóssbæjar til stuðnings við skólaheimsóknir og til gjafa á bókinni “Skák og mát” til barna í landinu.

Bæjarráð samþykkir 25 þúsund kr. framlag.

- b. **Tækjakaup í íþróttamiðstöð.**
Sótt er um styrk til kaupa á búnaði vegna líkamsræktarþjálfunar. Bæjarstjóra falið að kanna málið nánar og ganga frá því.

- c. **Tækjakaup hjá dagmóður.**
Sótt er um styrk til að koma upp aðstöðu dagmóður. Bæjarráð samþykkir að styrkja starfsemina til kaupa á nauðsynlegum öryggisbúnaði.

6. Önnur mál.

- a. **Kjörskrá.** *Lögð fram kjörskrá vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaga þ. 8. október nk. Á kjörskrá Blönduóssbæjar eru 671 íbúi. Bæjarráð samþykkir kjörskrá með áorðnum breytingum.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:15.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)*